



## Kennsluáætlun TÖLN1GR05

**Haustönn 2021**

**Kennari: Ingunn Helgadóttir (IH)** [ingunn@fsu.is](mailto:ingunn@fsu.is)

### Áfangalýsing:

Í þessum grunnáfangi í tölvunotkun er farið yfir notkun á Office 365 forritum svo sem töflureikni, ritvinnslu, Sway, PowerPoint ofl. Einnig er farið í einfalda vefsíðugerð, upptökur og klippingar, notkun snjalltækja og ýmislegt annað tengt almennri tölvunotkun sem nýtist í námi og starfi. Lagt er áherslu á að nemandinn læri að leita og nota þær upplýsingar er liggja á netinu á réttan og hagnýtan hátt.

### Áfangamarkmið:

- að nemandinn öðlist færni í notkun tölva og beitingu þess hugbúnaðar sem er í almennri notkun í námi og starfi.
- að nemandinn öðlist færni í að nýta sér þær upplýsingar er liggja á netinu á réttan og hagnýtan hátt.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota Word til ritvinnslu
- setja upp gögn á skýran hátt í Excel
- búa til línurit og töflur í Excel
- nota möguleika PowerPoint
- að setja upp vefsíður á einfaldan hátt
- setja upp kynningar með mismunandi forritum
- vinna hljóð og mynd sem nýtist við verkefnaskil
- nota ýmis forrit á netinu sem geta nýst við nám
- að nýta sér netið til upplýsingaöflunar

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- bera ábyrgð á eigin námsframvindu
- vinna í hópi með aðstoð tölva og netsins
- velja forrit sem henta við hvert tækifæri

## Kennslufni: Hjá kennara

### Námsmat:

**Próf í word og excel 30%**

**Verkefnaskil 70%**

Fjölbreytt verkefni metin jafnt og þétt yfir önnina. Skila þarf að lágmarki 80% verkefna og með meðaltalseinkunn allra verkefna, skilaðra og óskilaðra, 5 eða hærra til að klára áfangann.

**Próf:** Ef nemandi kemst ekki í próf vegna veikinda á prófatíma þá gefst honum tækifæri til að taka prófið á sérstökum sjúkraprófstíma síðar á önninni.

**Verkefni:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma! Ef nemandi þarf frest til að skila verkefni þá þarf að semja um það sérstaklega við kennara áður en skilafrestur rennur út. Dregið er niður fyrir sein skil!

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
33 (18. – 20. ág)	Office 365 yfirferð - Word verkefni 1	Verkefni frá kennara
34 (23. – 27 ág)	Word	Verkefni frá kennara
35 (30. ág – 3. sep)	Word	Verkefni frá kennara
36 (6. – 10. sep)	Word	Verkefni frá kennara
37 (13. – 17. sep)	Word verkefni og próf úr Word	Verkefni frá kennara
38 (20. – 24. sep)	Excel	Verkefni frá kennara
39 (27. – 30. sep)	Excel	Verkefni frá kennara
40 (4. – 8. okt)	Excel verkefni og próf úr Excel	Verkefni frá kennara
41 (11. – 15. okt)	Skraptími 13. okt - Haustfrí fim og fös	Verkefni frá kennara
42 (18. – 22. okt)	Power point	Verkefni frá kennara
43 (25. – 29. okt)	Power point ofl.	Verkefni frá kennara
44 (1. – 5. nov)	Ýmis verkefni	Verkefni frá kennara
45 (8. – 12. nov)	Ýmis verkefni	Verkefni frá kennara
46 (15. – 19. nov)	Ýmis verkefni	Verkefni frá kennara
47 (22. – 26. nov)	Ýmis verkefni	Verkefni frá kennara
48 (29.nov – 3. des)	Ýmis verkefni / skrap	Verkefni frá kennara

\*Áætlun er birt með fyrirvara um breytingar og er aðeins til viðmiðunar fyrir nemendur.

